

Ed.

620. Viðaukatillaga

við breytingartillögu nefndarinnar í aðflutningsbannsmálinu á þingskjali 619.

Frá Stefáni Stefánssyni.

Aftan við 23. gr. bætist:

Lög þessi koma ekki til framkvæmdar fyr en 1. jan. 1912. Framkvæmd þeirra er enn fremur því skilyrði bundin, að áður hafi fram farið um þau almenn atkvæðagreiðsla þeirra manna, er kosningarrétt eiga til alþingis, og hafi fullir fjórir fimtunger þeirra, er atkvæði greiddu, verið með lögunum. Þessi atkvæðagreiðsla fari fram síðari hluta ársins 1910, á sama degi um land alt, og sé hún leynileg og undir nákvæmu eftirliti, er landsstjórnin fyrirskipar um, og sé kostnaður við það greiddur úr landssjóði.